

Alþingi
Erindi nr. P 127/1603
komudagur 3. 4. 2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. apríl 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum, 607.mál, fylgiráttargjald, bifreiðasölur.

1. Inngangur

Þetta frumvarp er lagt fram af viðskiptaráðuneytinu með það að meginmarkmið að stuðla að betri skilum á fylgiráttargjaldi vegna sölu á listmunauppboðum en um leið gerðar aðrar breytingar á lögnum svo sem um verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki sem lögreglustjórar skulu framvegis veita leyfi til að reka.

2. Frumvarpið

Í 8.gr. b.staflið frumvarpsins er fjallað um að menntamálaráðherra geti sett nánari reglur um fylgiráttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef. Þarna þykja SVP ástæða til að einnig sé haft samráð við hagsmunasamtök þeirra sem reka listmunauppboð og listaverkasölu, þ.e.a.s. SVP til að jafnræði sé viðhaft. Leggja samtökin til að breyting í þessa veru verði gerð á frumvarpinu.

Í staflið c. er þess krafist að uppboðsstjórar skuli ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. 6.mgr. Krafa um staðfestingu löggilts endurskoðanda er hreinasta fásinna. Bæði er að sumir umræddra uppboðsstjóra þurfa ekki að nota þjónustu löggilts endurskoðanda vegna reksturs síns og þar að auki hvorki vilja eða geta löggiltir endurskoðendur sinnt svona málum. Þetta þarf því að mati SVP að fella út úr frumvarpstextanum.

SVP vilja taka fram að við lauslega athugun í nágrannalöndunum virðist hæsta fylgiráttargjald nema 5% af söluverði eða helmingi lægra gjaldi en hér er krafist. Hugmyndir virðast vera uppi innan ESB um reglur þar sem hámarksgjald verði 4% fyrir verk upp að € 50.000 en ekkert gjald ef verk selst undir € 3.000. Þetta er umhugsunarefni þegar þetta mál er skoðað hér á landi.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri